

52 Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Ragnhildar sál. Magnúsdóttur frá Litlabæ“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkju-
20. júní málaráðherra 20. júní 1938.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Ragnhildar sál. Magnúsdóttur frá Litlabæ,
sem andaðist 9. maí 1937.

1. gr.

Sjóðurinn heiti: Minningarsjóður Ragnhildar Magnúsdóttur.

2. gr.

Sjóður þessi er stofnaður með 600 króna gjöf frá Helga Sigvaldasyni, samkvæmt gjafabréfi dags. 9. maí 1938.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skulu skipa á hverjum tíma: Prófastur, sóknarprestur og sóknarnefndarformaður að Kálfatjarnarkirkjusókn. Skal prófastur vera formaður sjóðsstjórnarinnar, að öðru leyti skipti hún sjálf með sér verkum. Komi svo fyrir, að prestur að Kálfatjarnarsókn, sé jafnframt prófastur, þá skal þriðji stjórnarmaður kosinn af viðkomandi söfnuði.

4. gr.

Sjóðurnin tekur við minningargjöfum um látna menn, konur sem karla, og skal sjóðsstjórnin sjá um að hafa til minningarspjöld í því skyni. Þá tekur og sjóðurinn við áheimum og hverskonar gjöfum frá öllum, er vilja styrkja hann.

Gjaldkeri skal halda skrá yfir allar minningargjafir um látna menn, þar sem getið sé dánardags þeirra og fleira, ef óskað er. Einnig skal hann bókfæra áheit og aðrar gjafir til sjóðsins.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins skal vera: að vernda og hlynna að grafreit Kálfatjarnarkirkju, með því fyrst og fremst að koma um hann girðingu, er bezt mætti verða til frambúðar.

6. gr.

Úr sjóðnum skal ekkert fé greiða, nema það, sem nauðsynlegt er vegna hans sjálfs, svo sem: ritföng, útgáfu minningarspjalda o. fl., þangað til hann er að upphæð orðinn kr. 2000,00 — tvö þúsund krónur —. Þá má verja úr honum $\frac{4}{5}$ ársvaxta til framkvæmda þess, er getur í 5. gr.

Einn fimmta hluta ársvaxta og árleg innlög í sjóðinn má aldrei skerða, heldur leggist þær upphæðir við höfuðstólinn, og verður sjóðsstjórnin að sjá svo um, að innan hvers tíu ára tímabils, frá því að sjóðurinn hefir náð þeirri áskyldu upphæð, að úr honum megi nota hluta af vöxtunum, verði þær athafnir framkvæmdar sem sú upphæð stenz.

7. gr.

Ávaxta skal fé sjóðsins á þann hátt sem stjórn hans telur tryggast og hagkvæmast.

8. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók og færa í hana skipulagsskrána, sem og allar fundarsamþykktir og annað, er varðar hag og rekstur sjóðsins. Þá ber henni

einnig að færa bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld, og færa í hana árs-
reikning hvern. Henni ber ennfremur að varðveita bækur sjóðsins, verðbréf og önn-
ur skilríki á öruggum stað. 52 20. júní

9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og ber gjalddkera að gera reikning yfir
tekjur hans og gjöld árlega fyrir janúarmánaðarlok. Reikningur sjóðsins skal end-
urskoðaður af tveim mönnum, sem kosnir skulu árlega á viðkomandi safnaðarfundi.

10. gr.

Skipulagsskráin skal birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

11. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

SAMÞYKKT

53

22. júní

um breyting á byggingarsamþykkt fyrir Siglufjarðarkaupstað
frá 23. desember 1927.

Í stað „bæjarfógeti“ í 4. gr. samþykktarinnar og síðar í henni komi: bæjarstjóri.
Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar hefir samið og sam-
þykkt er hér með staðfest samkvæmt 15. gr. laga nr. 58 28. nóvember 1919, til að öðl-
ast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. júní 1938.

Skúli Guðmundsson.

Páll Pálmason.

SAMÞYKKT

54

28. júní

um sýsluvegasjóð í Árnessýslu.

1. gr.

Í Árnessýslu skal vera sýsluvegasjóður samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933.
Úr honum greiðist kostnaður við þær vegabætur, sem að lögum hvíla á sýslufélaginu.

2. gr.

Með sjóði þessum skal uppbyggja og viðhalda þeim sýsluvegum, sem nú eru, eða
síðar verða lagðir eftir þeim reglum, sem sýslunefnd ákveður á hverjum tíma. Sýslu-
vegir eru þeir, sem hér segir:

1. Selvogsvegur af Suðurlandsbraut, neðan Selvogsheiðar, að túnhliði á Bjarna-
stöðum.
2. Hraunsvegur af Þjóðveginum á Hjallamel að Hrauni.
3. Arnarbælisvegur af Þjóðveginum hjá Sandhól að Arnarbæli.
4. Hveragerðisvegur af Þjóðveginum við Ölfusréttir að Mjólkurbúi Ölfusinga.
5. Grafningsvegur frá Alviðru að Villingavatni.
6. Sólheimavegur frá Borg, um Eyvík, að Sólheimum.
7. Kiðjabergsvegur frá brúarstæði á Hvítá hjá Kiðjabergi á Grimsnesbraut nálægt
Svinavatni.